# Miðsumarsmót kæna 16. júní 2012.

Þytur heldur miðsumarmót á kænum laugardaginn 16. júní.

Keppt verður í Hafnarfjarðarhöfn eða nágrenni hennar.

Siglingaklúbburinn Þytur.
Strandgötu 80, pósthólf 546, 222 Hafnarfjörður.
Sími 555 3422
Bankareikningur 545-26-987 – Kt 680978-0189
Netfang keppni@ .sailing.is
Vefsíða www.sailing.is

## Tilkynning um keppni

**1 Reglur**

Keppt verður samkvæmt:

a) Kappsiglingareglum ISAF 2009 til 2012
b) Kappsiglingafyrirmælum SÍL
c) Kappsiglingafyrirmælum mótsins.

**2 Auglýsingar**

Auglýsingar eru leyfðar samkvæmt flokki C í Alþjóða kappsiglingareglunum.

**3 Þátttökuréttur**

Rétt til þátttöku hafa fullgildir félagar í siglingafélögum samkvæmt móta- og keppendareglum SÍL.

Keppt verður í eftirfarandi flokkum:

a) Optimist
b) Opnum flokki fyrir aðrar kænur en Optimist og verður þar keppt eftir forgjöfum sem samþykktar hafa verið af SÍL fyrir árið 2012.

**4 Þátttökugjald**

Þátttökugjald á hvern keppanda er kr. 1.500,-.

Gjaldið hækkar í kr. 2.000 ef skráning berst eftir 21:00 þann 15. júní.

**5 Tímaáætlun**

4. júní:

Móttaka þátttökugjalds og afhending kappsiglingafyrirmæla frá kl. 9:00 – 9:30.
Skipstjórafundur kl. 9:30.
Viðvörunarmerki fyrir fyrstu keppni Optimista kl. 10:25
Viðvörunarmerki fyrir fyrstu keppni í Opnum flokki kl. 10:30

**6 Kappsiglingafyrirmæli**

Siglingafyrirmæli verða afhent að morgni keppnisdags og birt á vefsíðum mótsins daginn áður.

**7 Skráning**

Skráningar skulu berast til keppnisstjórnar fyrir kl. 21:00 þann 15. júní með tölvupósti á keppni@sailing.is eða í síma (SMS) 891-9328. Taka þarf fram nafn, bátstegund, seglanúmer og félag sem keppt er fyrir. Einnig er hægt að skrá sig sem athugasemdir á heimasíðu Þyts.

Þó er hægt er að skrá allt fram að skipstjórafundi, en þá hækkar skráningargjald.

**8 Stigakerfi**

Notað verður lágstigakerfi samkvæmt viðauka A í Alþjóða-kappsiglingareglunum.

Ef kepptar verða þrjár eða færri umferðir, reiknast allar til stiga, verði sigldar fleiri umferðir kastar hver keppandi sinni lökustu keppni.

**9 Verðlaun**

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin í hvorum flokki.

**10 Verðlaunaafhending**

Verðlaunaafhending fer fram í félagsheimili Þyts strax og úrslit verða ljós að lokinni síðustu umferð mótsins.

**11 Ábyrgð**

Allir sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 4, ákvörðun um að keppa. Keppnisstjórn ásamt öllum þeim sem taka þátt í framkvæmd mótsins firra sig allri ábyrgð gagnvart tjóni sem kann að verða vegna þátttöku í mótinu.

**12 Frekari upplýsingar**

Frekari upplýsingar fást hjá keppnisstjóra, Áskell Fannberg í síma 891-9328 eða með tölvupósti á keppni@sailing.is.